

## Greinargerð

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">2.3.5. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Minniháttar framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi.</i></p> <p>Eftirfarandi framkvæmdir og breytingar eru undanþegnar byggingarleyfi enda séu þær í samræmi við deiliskipulag:</p> <p><b>b. Framkvæmdir innanhúss í atvinnuhúsnæði.</b></p> <p>Allt minniháttar viðhald innanhúss í atvinnuhúsnæði, s.s. endurnýjun innréttinga, viðhald lagnabúnaðar innanhúss o.þ.h. Einnig endurnýjun léttra innveggja án breytinga á fyrirkomulagi þeirra, þó ekki burðarveggja og eldvarnarveggja. Ekki má flytja til votrymi eða eldhús, né breyta burðarvirki, nema að fengnu byggingarleyfi.</p> <p><b>c. Framkvæmdir utanhúss.</b></p> <p>Viðhald bygginga að utan, s.s. endurnýjun þakklæðningar, þakkanta, veggklæðninga og glugga þegar notað er eins eða sambærilegt efni og frágangur er þannig að útlit byggingar sé ekki breytt. Sækja ber um byggingarleyfi fyrir breytingu á útliti byggingar eða þegar endurbyggja þarf burðarvirki að hluta eða öllu leyti.</p> <p><b>d. Móttökuloftnet.</b></p> <p>Uppsetning móttökudisks, allt að 1,2 m að þvermáli, vegna móttöku útsendinga útvarps eða sjónvarps eða móttökuloftnets, á þak byggingar eða á lóð, að því tilskildu að slíkt sé ekki óheimilt samkvæmt skilmálum skipulags. Vegna uppsetningar á móttökuloftneti eða móttökudiski á útvegg húss eða á svalir skal þó sótt um byggingarleyfi.</p> <p><b>f. Skjólveggir og girðingar á lóð.</b></p> <p>Skjólveggir og girðingar sem eru allt að 1,8 m að hæð og eru ekki nær lóðarmörkum en 1,8 m. Enn fremur girðingar eða skjólveggir sem eru nær lóðarmörkum en 1,8 m og eru ekki hærri en sem nemur fjarlægðinni að lóðarmörkum. Lóðarhöfum samliggjandi lóða er heimilt án byggingarleyfis að reisa girðingu eða skjólvegg allt að 1,8 m að hæð á lóðarmörkum, enda leggi þeir fram hjá leyfisveitanda undirritað samkomulag þeirra um framkvæmdina. Hámarkshæð girðingar/skjólveggjar í 2. og 3. másl. miðast við jarðvegshæð við girðingu/vegg eða jarðvegshæð lóðar á lóðarmörkum ef hæð jarðvegs þar er meiri en jarðvegshæð á lóð við vegginn.</p>	<p style="text-align: center;">2.3.5. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Minniháttar framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi.</i></p> <p>Eftirfarandi framkvæmdir og breytingar eru undanþegnar byggingarleyfi enda séu þær í samræmi við deiliskipulag:</p> <p><b>b. Framkvæmdir innanhúss í atvinnuhúsnæði.</b></p> <p>Allt minniháttar viðhald innanhúss í atvinnuhúsnæði, s.s. endurnýjun innréttinga, viðhald lagnabúnaðar innanhúss o.þ.h. Einnig endurnýjun léttra innveggja, þó ekki burðarveggja og eldvarnarveggja. Ekki má flytja til votrymi eða eldhús, né breyta burðarvirki, nema að fengnu byggingarleyfi. Ef fyrirkomulagi léttra innveggja er breytt er skylt að tilkynna breytinguna til leyfisveitanda með því að leggja fram breyttar teikningar áður en framkvæmdir hefjast.</p> <p><b>c. Framkvæmdir utanhúss.</b></p> <p>Viðhald bygginga að utan, s.s. endurnýjun þakklæðningar, þakkanta, veggklæðninga og glugga þegar notað er eins eða sambærilegt efni og frágangur er þannig að útlit byggingar sé ekki breytt. Einnig klæðning þegar byggðra bygginga í dreifbýli, enda sé leyfisveitanda tilkynnt um framkvæmdir áður en þær hefjast með því að leggja fram viðeigandi gögn. Sækja ber um byggingarleyfi fyrir breytingu á útliti byggingar eða þegar endurbyggja þarf burðarvirki að hluta eða öllu leyti.</p> <p><b>d. Móttökuloftnet.</b></p> <p>Uppsetning móttökudisks, allt að 1,2 m að þvermáli, vegna móttöku útsendinga útvarps eða sjónvarps eða móttökuloftnets að því tilskildu að slíkt sé ekki óheimilt samkvæmt skilmálum skipulags.</p> <p><b>f. Skjólveggir og girðingar á lóð.</b></p> <p>Skjólveggir og girðingar sem eru allt að 1,8 m að hæð og eru ekki nær lóðarmörkum en 1,8 m. Enn fremur girðingar eða skjólveggir sem eru nær lóðarmörkum en 1,8 m og eru ekki hærri en sem nemur fjarlægðinni að lóðarmörkum. Einnig allt að 2,0 m langir og 2,5 m háir skjólveggir sem eru áfastir við hús og í a.m.k. 1,8 m fjarlægð frá lóðarmörkum. Lóðarhöfum samliggjandi lóða er heimilt án byggingarleyfis að reisa girðingu eða skjólvegg allt að 1,8 m að hæð á lóðarmörkum, enda leggi þeir fram hjá leyfisveitanda undirritað samkomulag þeirra um framkvæmdina. Hámarkshæð girðingar/skjólveggjar í 2. og 4. másl. miðast við</p>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

<p><b>g. Smáhýsi á lóð.</b> Smáhýsi til geymslu garðáhalda o.þ.h. á lóð utan byggingarreits þegar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar, enda sé slík bygging ekki óheimil samkvæmt gildandi deiliskipulagi:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Flatarmál smáhýsis er að hámarki 10 m<sup>2</sup>.</li> <li>2. Fjarlægð milli smáhýsa innbyrðis og frá glugga eða hurð húss, svo og frá útvegg timburhúss er a.m.k. 3,0 m.</li> <li>3. Veggur smáhýsis sem snýr að lóðarmörkum og er nær lóðarmörkum en 3,0 m er glugga- og hurðalaus.</li> <li>4. Mesta hæð útveggja eða þaks á smáhýsi er 2,5 m mælt frá yfirborði jarðvegs.</li> <li>5. Smáhýsi er án allra vatnslagna, raflagna og hitunar.</li> <li>6. Ef smáhýsi er nær lóðarmörkum en 3,0 m skal liggja fyrir skriflegt samþykki lóðarhafa þeirrar nágrannalóðar og skal það lagt fram hjá byggingarfulltrúa.</li> </ol>	<p>jarðvegshæð við girðingu/vegg eða jarðvegshæð lóðar á lóðarmörkum ef hæð jarðvegs þar er meiri en jarðvegshæð á lóð við vegginn.</p> <p><b>g. Smáhýsi á lóð.</b> Smáhýsi til geymslu garðáhalda o.þ.h. á lóð utan byggingarreits þegar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar, enda sé slík bygging ekki óheimil samkvæmt gildandi deiliskipulagi:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Flatarmál smáhýsis er að hámarki 15 m<sup>2</sup>.</li> <li>2. Fjarlægð milli smáhýsa innbyrðis og frá glugga eða hurð húss, svo og frá útvegg timburhúss er a.m.k. 3,0 m.</li> <li>3. Veggur smáhýsis sem snýr að lóðarmörkum og er nær lóðarmörkum en 3,0 m er glugga- og hurðalaus.</li> <li>4. Mesta hæð útveggja eða þaks á smáhýsi er 2,5 m mælt frá yfirborði jarðvegs.</li> <li>5. Smáhýsi er án allra vatnslagna, raflagna og hitunar. Ef smáhýsi er nær lóðarmörkum en 3,0 m skal liggja fyrir skriflegt samþykki lóðarhafa þeirrar nágrannalóðar og skal það lagt fram hjá byggingarfulltrúa</li> </ol>
<p><b>Gr. 2.3.5</b></p>	<p>Fjölgað er minniháttar framkvæmdum sem undanþegnar eru byggingarleyfi – til einföldunar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Liður b</b> Breytingar á fyrirkomulagi léttra innveggja í atvinnuhúsnæði undanþegnar byggingarleyfi. Tilkynningaskylt.</li> <li>• <b>Liður c</b> Klæðning þegar byggðra bygginga í dreifbýli undanþegin byggingarleyfi, enda sé leyfisveitanda tilkynnt um framkvæmdir áður en þær hefjast með því að leggja fram viðeigandi gögn.</li> <li>• <b>Liður d</b> Allar staðsetningar móttökudiska allt að 1,20 m að þvermáli eru undanþegnar byggingarleyfi.</li> <li>• <b>Liður f</b> Allt að 2,0 m langir og 2,5 m háir skjólveggir sem eru áfastir við hús og í a.m.k. 1,8 m fjarlægð frá lóðarmörkum eru undanþegnar byggingarleyfi.</li> <li>• <b>Liður g 1. liður</b> Smáhýsi allt að 15 m<sup>2</sup> undanþegin byggingarleyfi. Var áður 10 m<sup>2</sup>.</li> </ul>
<p><b>Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum</b></p> <p>4.3.9. gr. <i>Byggingarlýsing.</i> Í byggingarlýsingu skal a.m.k. gera grein fyrir eftirfarandi þáttum er varða uppbyggingu mannvirkis: h. Einangrun allra byggingarluta, þ.e. gerð hennar og þykkt svo og reiknað einangrunar-gildi hvers einstaks byggingarluta og reiknað heildarleiðnitap og heildarorkuþörf.</p>	<p><b>Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012</b></p> <p>4.3.9. gr. <i>Byggingarlýsing.</i> Í byggingarlýsingu skal a.m.k. gera grein fyrir eftirfarandi þáttum er varða uppbyggingu mannvirkis: h. Einangrun allra byggingarluta, þ.e. gerð hennar og þykkt svo og reiknað einangrunar-gildi hvers einstaks byggingarluta.</p>
<p><b>Gr. 4.3.9</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðin „og reiknað heildarleiðnitap og heildarorkuþörf“ í h. lið felld niður. - <i>Til einföldunar. Kveðið er á um þetta annars staðar í reglugerðinni.</i></li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">4.7.2. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Ábyrgð byggingarstjóra á verkþáttum mannvirkjagerðar.</i></p> <p>Eftirfarandi telst til smærri bygginga skv. 1. mgr.:</p> <p>e. Lítið hús, allt að 35 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða önnur smærri mannvirki á lóð.</p>	<p style="text-align: center;">4.7.2. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Ábyrgð byggingarstjóra á verkþáttum mannvirkjagerðar.</i></p> <p>Eftirfarandi telst til smærri bygginga skv. 1. mgr.:</p> <p>e. Lítið hús, allt að 60 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða önnur smærri mannvirki á lóð.</p>
<b>Gr. 4.7.2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Byggingarstjóri má jafnframt vera hönnuður/iðnmeistari lítils húss allt að 60 m<sup>2</sup> (áður 35 m<sup>2</sup>) - <i>Til að einfalda kröfur vegna smærri bygginga.</i></li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.2.2. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Aðkomuleiðir innan lóðar.</i></p> <p>Aðkoma á lóð að byggingu skal skýrt afmörkuð og þannig staðsett að hún sé greiðfær og greinileg þeim sem að henni koma og henti fyrirhugaðri umferð.</p> <p style="text-align: center;">6.2.4. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Gönguleið að byggingum.</i></p> <p>Almennt skal gæta þess að ekki séu þrep í gönguleiðum að inngangi bygginga. Hæðarmun skal jafna þannig að allir þeir sem ætla má að fari að inngangi byggingar komist auðveldlega um.</p> <p>Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef lóðir eru of brattar til að unnt sé að uppfylla þær kröfur með góðu móti.</p> <p>Frágangur gönguleiða að byggingum skal vera með þeim hætti að yfirborð þeirra henti ætlaðri umferð, t.d. með leiðarlistum fyrir blinda og sjónskerta, merkingum o.þ.h. þar sem gerð er krafa um algilda hönnun.</p> <p>Hæðarbreytingar gönguleiða að byggingum skal merkja greinilega og í samræmi við þá umferð sem ætla má að fari þar um.</p> <p>Frágangur gönguleiða og aðkomu að byggingum skal vera þannig að þar verði ekki uppsöfnun vatns.</p> <p>Þar sem því verður við komið með hagkvæmum hætti skulu aðalgönguleiðir bygginga þar sem gerð er krafa um algilda hönnun vera upphitaðar í fulla breidd gönguleiðar.</p> <p>Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.</p>	<p style="text-align: center;">6.2.2. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Aðkomuleiðir og umferðarsvæði innan lóðar.</i></p> <p>Aðkoma á lóð að byggingu skal skýrt afmörkuð og þannig staðsett að hún sé greiðfær og greinileg þeim sem að henni koma og henti fyrirhugaðri umferð.</p> <p>Hönnun akbrauta, bílastæða, hjólastíga og gönguleiða innan lóða skal vera með þeim hætti að ekki skapist hætta fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendur.</p> <p>Almennt skal gæta þess að ekki séu þrep í gönguleiðum að inngangi bygginga. Hæðarmun skal jafna þannig að allir þeir sem ætla má að fari að inngangi byggingar komist auðveldlega um. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar ef lóðir eru of brattar til að unnt sé að uppfylla þær kröfur með góðu móti.</p> <p>Huga skal að merkingum fyrir blinda og sjónskerta við afmörkun gönguleiða, t.d. með litbrigðum og/eða með breytingu á gerð yfirboðsefnis, og fullnægjandi frágangi vegna umferðar hjólastóla. Hæðarbreytingar gönguleiða að byggingum skal merkja greinilega og í samræmi við þá umferð sem ætla má að fari þar um.</p> <p>Lýsing og merkingar við alla gangstíga, hjólastíga, akbrautir og bílastæði skulu henta þeirri umferð sem gert er ráð fyrir á svæðinu. Auk skilta skulu vera yfirborðsmerkingar á gangbrautum yfir akbrautir.</p> <p>Frágangur gangstíga, akbrauta, hjólastíga og bílastæða skal vera þannig að þar verði ekki uppsöfnun vatns og yfirborð skal henta fyrirhugaðri umferð.</p> <p>Stæði fyrir bíla, reiðhjól og önnur farartæki skulu vera í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags eða ákvörðun viðkomandi sveitarfélags á grundvelli 44. gr. eða 1. tölul. bráðabrigðarákvæða skipulagslaga. Komi ekki fram krafa um ákveðna staðsetningu bílastæða eða stæða fyrir reiðhjól í skipulagi ber að hafa þau á sem öruggustu svæði innan lóðar.</p>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

<p style="text-align: center;">6.2.5. gr. <i>Umferðarsvæði innan lóðar.</i></p> <p>Hönnun akbrauta, bílastæða, hjólastíga og gönguleiða innan lóða skal vera með þeim hætti að ekki skapist hætta fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendur.</p> <p>Stæði fyrir bíla, reiðhjól og önnur farartæki skulu vera í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags eða ákvörðun viðkomandi sveitarfélags á grundvelli 44. gr. eða 1. tölul. bráðabrigðarákvæða skipulagslaga.</p> <p>Komi ekki fram krafa um ákveðna staðsetningu bílastæða eða stæða fyrir reiðhjól í skipulagi ber að hafa þau á sem öruggustu svæði innan lóðar.</p> <p>Huga skal að merkingum fyrir blinda og sjónskerta við afmörkun gönguleiða, t.d. með litbrigðum og/eða með breytingu á gerð yfirboðsefnis, og fullnægjandi frágangi vegna umferðar hjólastóla.</p> <p>Lýsing og merkingar við alla gangstíga, hjólastíga, akbrautir og bílastæði skulu henta þeirri umferð sem gert er ráð fyrir á svæðinu. Auk skilta skulu vera yfirborðsmerkingar á gangbrautum yfir akbrautir.</p> <p>Frágangur gangstíga, akbrauta, hjólastíga og bílastæða skal vera þannig að þar verði ekki uppsöfnun vatns.</p> <p>Í þéttbýli skal frágangur bílastæða vera með þeim hætti að yfirborð þoli það álag sem þar verður og að mól eða laus jarðefni hvorki berist á gangstétt, götu eða nágrannalóð né fjúki úr yfirborðinu. Hentug efni geta verið ýmsar gerðir af bundnu slitlagi, hellulögn, sérstyrkt gras eða annað sambærilegt efni, sé ekki kveðið á um annað í deiliskipulagi.</p> <p>Svæði vegna vörumóttöku og fólksflutninga skulu vera nægjanlega stór til að anna þeim flutningum sem búast má við á svæðinu. Leitast skal við að hafa almenn umferðarsvæði og svæði vegna vöruflytninga aðskilin.</p>	<p>Í þéttbýli skal frágangur bílastæða vera með þeim hætti að yfirborð þoli það álag sem þar verður og að mól eða laus jarðefni hvorki berist á gangstétt, götu eða nágrannalóð né fjúki úr yfirborðinu. Hentug efni geta verið ýmsar gerðir af bundnu slitlagi, hellulögn, sérstyrkt gras eða annað sambærilegt efni, sé ekki kveðið á um annað í deiliskipulagi.</p> <p>Svæði vegna vörumóttöku og fólksflutninga skulu vera nægjanlega stór til að anna þeim flutningum sem búast má við á svæðinu. Leitast skal við að hafa almenn umferðarsvæði og svæði vegna vöruflytninga aðskilin.</p> <p>Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.</p>
<b>Gr. 6.2.2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>6.2.2. (aðkomuleiðir innan lóðar), 6.2.4. (gönguleið að byggingum) og 6.2.5. gr. (umferðarsvæði innan lóðar) eru sameinaðar í eina grein. Tvær málsgreinar úr 6.2.4. gr. fluttar í 6.2.3. gr. (algild hönnun aðkomu að byggingum). - <i>Einungis er um einföldun að ræða. Ekki efnisleg breyting.</i></li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.2.3. gr. <i>Algild hönnun aðkomu að byggingum.</i></p> <p>Fyrir byggingar og aðkomu að þeim þar sem gerð er krafa um algilda hönnun skal eftirfarandi uppfyllt:</p> <p>d. Gera skal áherslumerkingasvæði við hæðarbreytingar fyrir sjónskerta og blinda í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.</p> <p>e. Hallandi gönguleið að byggingu skal hafa láréttan hvíldarflöt, sem er a.m.k. 1,80 m að lengd og breidd, við hverja 0,60 m hæðaraukningu.</p> <p>f. Breidd gönguleiðar að byggingum skal vera að lágmarki 1,60 m, en 1,80 m þar sem vænta má mikillar umferðar. Þegar gönguleiðir eru styttri en 5 m er heimilt að breidd þeirra sé að lágmarki 1,40 m enda sé aðstaða a.m.k. 1,80 x 1,80 m að stærð fyrir hjólastóla til að mætast við enda þeirra. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.2.3. gr. <i>Algild hönnun aðkomu að byggingum.</i></p> <p>Fyrir byggingar og aðkomu að þeim þar sem gerð er krafa um algilda hönnun skal eftirfarandi uppfyllt:</p> <p>d. Frágangur gönguleiða að byggingum skal vera með þeim hætti að yfirborð þeirra henti ætlaðri umferð, t.d. með leiðarlistum fyrir blinda og sjónskerta, merkingum o.þ.h.</p> <p>e. Þar sem því verður við komið með hagkvæmum hætti skulu aðalgönguleiðir vera upphitaðar í fulla breidd gönguleiðar.</p> <p>f. Gera skal áherslumerkingasvæði við hæðarbreytingar fyrir sjónskerta og blinda í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.</p> <p>g. Hallandi gönguleið að byggingu skal hafa láréttan hvíldarflöt, sem er a.m.k. 1,50 m að lengd og breidd, en 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil, við hverja 0,60 m hæðaraukningu.</p> <p>h. Breidd gönguleiðar að byggingum skal vera að lágmarki 1,50 m, en 1,80 m við opinberar byggingar og þar sem vænta má mikillar umferðar. Þegar gönguleiðir eru styttri en 5 m er heimilt að breidd þeirra sé að lágmarki 1,30 m enda sé við enda þeirra flötur fyrir hjólastóla a.m.k. 1,50 m x 1,50 m að stærð eða a.m.k. 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil. ...</p>
<b>Gr. 6.2.3</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Við 6.2.3. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar e. og f. sem áður voru í 1. málsl. 3. mgr. og 5. mgr. 6.2.4. gr. - <i>engin efnisleg breyting.</i></li> <li>• Einnig er gerð breyting á h lið (áður f lið). Breidd gönguleiðar þar sem umferð er lítil skal að lágmarki vera 1,50 m (var 1,60 m). Flötur fyrir hjólastóla þar sem umferð er lítil skal að lágmarki vera 1,50 m x 1,50 m og 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil (var eingöngu 1,80 m áður) – <i>Til að einfalda regluverkið, samræma stærðarkröfur og gera mismunandi stærðarkröfur eftir því hvort um er að ræða litla (1,50 m) eða mikla umferð (1,80 m).</i></li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012																																																																
<p style="text-align: center;">6.2.6. gr. <i>Bílastæði hreyfihamlaðra.</i></p> <p>...Þegar fjöldi bílastæða á lóð er ákvarðaður í skipulagi skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóð annarra húsa en sérbylíshúsa vera skv. töflu 6.01 [nema tafla 6.03 eigi við.]2) Þegar um fleiri stæði er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hver byrjuð 200 stæði. [Ætíð skal þó að lágmarki gera ráð fyrir einu stæði fyrir hreyfihamlaða.]2)</p> <p><b>Tafla 6.01 Bílastæði hreyfihamlaðra sem hlutfall af almennum stæðum.</b></p> <p>Fjöldi bílastæða: Þar af fyrir hreyfihamlaða:</p> <table border="1" data-bbox="190 571 448 817"> <tr><td>1-9</td><td>1</td></tr> <tr><td>10-25</td><td>2</td></tr> <tr><td>26-50</td><td>3</td></tr> <tr><td>51-75</td><td>4</td></tr> <tr><td>76-100</td><td>5</td></tr> <tr><td>101-150</td><td>6</td></tr> <tr><td>151-200</td><td>7</td></tr> <tr><td>201-300</td><td>8</td></tr> </table> <p>Þegar fjöldi bílastæða á lóð íbúðarhúsa, annarra en sérbylíshúsa, er ekki ákvarðaður í skipulagi gildir tafla 6.02 um lágmarksfjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Þegar um fleiri íbúðir er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hverjar byrjaðar 20 íbúðir.</p> <p><b>Tafla 6.02 Bílastæði hreyfihamlaðra sem hlutfall af fjölda íbúða.</b></p> <p>Fjöldi íbúða: Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:</p> <table border="1" data-bbox="190 1104 448 1350"> <tr><td>1-4</td><td>1</td></tr> <tr><td>5-10</td><td>2</td></tr> <tr><td>11-15</td><td>3</td></tr> <tr><td>16-20</td><td>4</td></tr> <tr><td>21-30</td><td>5</td></tr> <tr><td>31-40</td><td>6</td></tr> <tr><td>41-50</td><td>7</td></tr> <tr><td>51-60</td><td>8</td></tr> </table>	1-9	1	10-25	2	26-50	3	51-75	4	76-100	5	101-150	6	151-200	7	201-300	8	1-4	1	5-10	2	11-15	3	16-20	4	21-30	5	31-40	6	41-50	7	51-60	8	<p style="text-align: center;">6.2.4. gr. <i>Bílastæði hreyfihamlaðra.</i></p> <p>...Fjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóð íbúðarhúsa, annarra en sérbylíshúsa, skal að lágmarki vera skv. töflu 6.01. Þegar um fleiri íbúðir er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hverjar byrjaðar 20 íbúðir.</p> <p><b>Tafla 6.01 Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða við íbúðarhús, önnur en sérbylíshús.</b></p> <table border="1" data-bbox="1198 501 1975 692"> <thead> <tr> <th>Fjöldi íbúða:</th> <th>Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:</th> </tr> </thead> <tbody> <tr><td>1-10</td><td>1</td></tr> <tr><td>11-20</td><td>2</td></tr> <tr><td>21-30</td><td>3</td></tr> <tr><td>31-40</td><td>4</td></tr> </tbody> </table> <p>Við samkomuhús, s.s. kvikmyndahús, skemmtistaði, veitingastaði, leikhús, félagsheimili, íþróttamannvirki, ráðstefnusali, tónlistarsali eða aðrar slíkar byggingar skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða vera skv. töflu 6.02. Þegar sætafjöldi samkomuhúss er meiri bætist við eitt bílastæði fyrir hver byrjuð 300 sæti.</p> <p><b>Tafla 6.02 Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaðra við samkomuhús.</b></p> <table border="1" data-bbox="1198 900 1975 1321"> <thead> <tr> <th>Fjöldi sæta:</th> <th>Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:</th> </tr> </thead> <tbody> <tr><td>1-100</td><td>1</td></tr> <tr><td>101-200</td><td>2</td></tr> <tr><td>201-300</td><td>3</td></tr> <tr><td>301-400</td><td>4</td></tr> <tr><td>401-500</td><td>5</td></tr> <tr><td>501-700</td><td>6</td></tr> <tr><td>701-900</td><td>7</td></tr> <tr><td>901-1.100</td><td>8</td></tr> <tr><td>1.101-1.300</td><td>9</td></tr> <tr><td>1.301-1.500</td><td>10</td></tr> </tbody> </table>	Fjöldi íbúða:	Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:	1-10	1	11-20	2	21-30	3	31-40	4	Fjöldi sæta:	Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:	1-100	1	101-200	2	201-300	3	301-400	4	401-500	5	501-700	6	701-900	7	901-1.100	8	1.101-1.300	9	1.301-1.500	10
1-9	1																																																																
10-25	2																																																																
26-50	3																																																																
51-75	4																																																																
76-100	5																																																																
101-150	6																																																																
151-200	7																																																																
201-300	8																																																																
1-4	1																																																																
5-10	2																																																																
11-15	3																																																																
16-20	4																																																																
21-30	5																																																																
31-40	6																																																																
41-50	7																																																																
51-60	8																																																																
Fjöldi íbúða:	Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:																																																																
1-10	1																																																																
11-20	2																																																																
21-30	3																																																																
31-40	4																																																																
Fjöldi sæta:	Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:																																																																
1-100	1																																																																
101-200	2																																																																
201-300	3																																																																
301-400	4																																																																
401-500	5																																																																
501-700	6																																																																
701-900	7																																																																
901-1.100	8																																																																
1.101-1.300	9																																																																
1.301-1.500	10																																																																

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Við samkomuhús, s.s. kvikmyndahús, skemmtistaði, veitingastaði, leikhús, félagsheimili, íþróttamannvirki, ráðstefnusali, tónlistarsali eða aðrar slíkar byggingar skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða vera skv. töflu 6.03. Þegar sætafjöldi samkomuhúss er meiri bætist við eitt bílastæði fyrir hver byrjuð 300 sæti.

**Tafla 6.03 Bílastæði hreyfihamlaðra sem hlutfall af fjölda sæta.**

Fjöldi sæta: Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:

1-100	1
101-200	2
201-300	3
301-400	4
401-500	5
501-700	6
701-900	7
901-1.100	8
1.101-1.300	9
1.301-1.500	10

Þegar fjöldi bílastæða á lóð bygginga, annarra en íbúðarhúsa, er ekki ákvarðaður í skipulagi gildir tafla 6.04 um lágmarksfjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Þegar um fleiri starfsmenn/gesti er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hverja byrjaða 200 starfsmenn/gesti.

**Tafla 6.04 Bílastæði hreyfihamlaðra sem hlutfall af fjölda starfsmanna og gesta.**

Fjöldi starfsmanna og gesta: Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:

1-20	1
21-40	2
41-80	3
81-120	4
121-160	5
161-200	6
201-300	7
301-400	8
401-500	9
501-600	10

Ef fjöldi bílastæða á lóð annarra bygginga, en falla undir 5. og 6. mgr., er ákvarðaður í skipulagi skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða á lóð vera skv. töflu 6.03. Þegar um fleiri stæði er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hver byrjuð 200 stæði. Ætíð skal að lágmarki gera ráð fyrir einu stæði fyrir hreyfihamlaða.

**Tafla 6.03 Aðrar byggingar. Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða þar sem fjöldi almennra bílastæða er ákveðinn í skipulagi.**

Fjöldi bílastæða:	Þar af fyrir hreyfihamlaða:
1-9	1
10-25	2
26-50	3
51-75	4
76-100	5
101-150	6
151-200	7
201-300	8

Ef fjöldi bílastæða á lóð bygginga, annarra en falla undir 5. og 6. mgr., er ekki ákvarðaður í skipulagi skal lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða vera skv. töflu 6.04. Þegar um fleiri starfsmenn/gesti er að ræða bætist við eitt stæði fyrir hverja byrjaða 200 starfsmenn/gesti.

**Tafla 6.04 Aðrar byggingar. Lágmarksfjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða þar sem fjöldi almennra stæða er ekki ákveðinn í skipulagi.**

Fjöldi starfsmanna og gesta:	Bílastæði fyrir hreyfihamlaða:
1-20	1
21-40	2
41-80	3
81-120	4
121-160	5
161-200	6
201-300	7
301-400	8
401-500	9
501-600	10



## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

<b>Gr. 6.2.4</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 6.2.6. gr. verður 6.2.4. gr. Ein tafla fyrir íbúðarhús í stað tveggja áður.</li> <li>• Dregið úr kröfum um lágmarksfjölda bílastæða hreyfihamlaðara við íbúðarhúsnæði.</li> </ul>
------------------	--

<b>Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum</b>	<b>Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012</b>
6.4.2. gr. <i>Inngangsdyr/útidyr.</i>	6.4.2. gr. <i>Inngangsdyr/útidyr og svala-/garðdyr.</i>
<p>Breidd og hæð inngangsdyra/útidyra skal vera þannig að fullnægt sé þörf vegna þeirrar umferðar sem gert er ráð fyrir í byggingu svo og þörf vegna rýmingar, sbr. 9. hluta þessarar reglugerðar.</p> <p>Breidd hurðarblaða allra inngangsdyra/útidyra bygginga, þ.m.t. svala- og garðdyra, skal minnst vera 0,90 m og samsvarandi hæð minnst 2,10 m, enda sé þess gætt að hindrunarlaus umferðarbreidd sé ekki minni en 0,83 m.</p> <p>Inngangsdyr/útidyr skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Miða skal við að átak við að opna hurð sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N.</p> <p>Þar sem gerð er krafa um algilda hönnun bygginga skal eftirfarandi uppfyllt:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Utan við aðalinngang skal vera láréttur flötur, minnst 1,80 m x 1,80 m að stærð, utan opnunarvæðis inngangsdyra. Heimilt er að víkja frá þessu á svalagangi ef gangurinn er a.m.k. 1,50 m breiður.</li> <li>Gert skal ráð fyrir sjálfvirkum opnunarbúnaði fyrir útidyr í aðalumferðarleiðum. Þar sem rofi er fyrir opnunarbúnað skal hann vera í u.þ.b. 1,0 m hæð. Sé um að ræða hurð á lömum skal rofinn vera staðsettur skráarmegin við dyr og skal fjarlægð rofa frá næsta innhorni eða kverk vera a.m.k. 0,50 m. Ákvæði þetta gildir ekki um sérbýlishús eða inngangsdyr íbúða.</li> <li>Gera skal ráð fyrir a.m.k. 0,70 m hliðarrými skráarmegin utan við inngangshurð, sem athafnarými fyrir einstaklinga í hjólastól.</li> <li>Þröskuldur við útidyr skal ekki vera hærri en 25 mm. Hæðarmunur milli svæðis framan við inngangsdyr og gólfs skal ekki vera meiri en 25 mm, að meðtaldri hæð á þröskuldi. ...</li> </ol>	<p>Breidd og hæð inngangsdyra/útidyra, þ.m.t. svala- og garðdyra, skal vera þannig að fullnægt sé þörf vegna þeirrar umferðar sem gert er ráð fyrir í byggingu svo og þörf vegna rýmingar, sbr. 9. hluta þessarar reglugerðar.</p> <p>Breidd hurðarblaða allra inngangsdyra/útidyra bygginga, skal minnst vera 0,90 m og samsvarandi hæð minnst 2,10 m, enda sé þess gætt að hindrunarlaus umferðarbreidd sé ekki minni en 0,83 m.</p> <p>Hindrunarlaus umferðarbreidd allra svala- og garðdyra skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m.</p> <p>Inngangsdyr/útidyr, þ.m.t. svala- og garðdyr skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Miða skal við að átak við að opna hurð sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N.</p> <p>Þar sem gerð er krafa um algilda hönnun bygginga skal eftirfarandi uppfyllt:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Utan við aðalinngang skal vera láréttur flötur, minnst 1,50 m x 1,50 m að stærð, utan opnunarvæðis inngangsdyra/útidyra eða a.m.k. 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil.</li> <li>Gert skal ráð fyrir sjálfvirkum opnunarbúnaði fyrir inngangsdyr/útidyr í aðalumferðarleiðum. Þar sem rofi er fyrir opnunarbúnað skal hann vera í u.þ.b. 1,0 m hæð. Sé um að ræða hurð á lömum skal rofinn vera staðsettur skráarmegin við dyr og skal fjarlægð rofa frá næsta innhorni eða kverk vera a.m.k. 0,50 m. Ákvæði þetta gildir ekki um sérbýlishús eða inngangsdyr íbúða.</li> <li>Gera skal ráð fyrir a.m.k. 0,50 m hliðarrými skráarmegin utan við inngangsdyr/útidyr, sem athafnarými fyrir einstaklinga í hjólastól. Huga skal að nægjanlegu hliðarrými skráarmegin utan við svala- og garðdyr.</li> <li>Þröskuldur við inngangsdyr/útidyr og svala- og garðdyr skal ekki vera hærri en 25 mm. Hæðarmunur milli svæðis framan við inngangsdyr og gólfs skal ekki vera meiri en 25 mm, að meðtaldri hæð á þröskuldi. Gólf svala og veranda má mest vera 100 mm lægra en gólf byggingar, að þröskuldi meðtöldum, að því tilskyldu að skábraut sé komið fyrir að utanverðu upp að þröskuldi. ...</li> </ol>



## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

<b>Gr. 6.4.2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heiti greinar breytt, svala- og garðdyr eru fluttar frá 6.4.3. gr. <i>Dyr innanhúss.</i></li> <li>• 3 mgr. er bætt við þar sem kröfum hindrunarlausa breidd og hæð svala- og garðdyra er breytt í 0,80 m x 2,00 m (var sama og fyrir inngangs-/útidyr)</li> <li>• 5. mgr. liður a – Flötur framan við aðalinngang skal vera a.m.k. 1,50 m x 1,50 m þar sem umferð er lítil en 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil. Kröfum tvískipt í takti við umferðarmagn. - <i>Til samræmis við Norðurlöndin.</i></li> <li>• 5. mgr. liður c – Hliðarrými við inngangsdyr/útidyr minnkað í 0,50 m (úr 0,70 m) - <i>Til samræmis við Norðurlöndin.</i></li> <li>• 5. mgr. liður d – Heimilt að svalagólf sé 100 mm lægra en gólf byggingar að meðtöldum þröskuldi- <i>Til að forðast lekavandamál vegna slagveðurs.</i></li> </ul>
------------------	---

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.4.3. gr. <i>Dyr innanhúss, svala- og garðdyr.</i></p> <p>Breidd og hæð innihurða skal vera þannig að fullnægt sé þörf vegna þeirrar umferðar sem gert er ráð fyrir innan byggingarinnar.</p> <p>Breidd hurðarblaða allra dyra í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar skal minnst vera 0,90 m og samsvarandi hæð minnst 2,10 m, enda sé þess gætt að hindrunarlaus umferðarbreidd sé ekki minni en 0,83 m. Í öðrum byggingum skal breidd hurðarblaða vera að lágmarki 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,10 m. Heimilt er að dyr séu minni í rýmum sem telja má sem innbyggða skápa, s.s. litla ræstiklefa, lítil tæknirými o.þ.h.</p> <p>Dyr í byggingum skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Miða skal við að áttak við að opna hurð sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40</p> <p>Huga skal sérstaklega að nægjanlegu rými til hliðar við svala- og garðdyr bygginga til athafna fyrir hreyfihamlaða.</p> <p>Í íbúðum fyrir hreyfihamlaða má þröskuldur eða uppstig við svalaútgang eða útgang á lóð mest vera 25 mm og skulu dyr innan slíkra íbúða vera þröskuldslausar.</p> <p>Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.</p>	<p style="text-align: center;">6.4.3. gr. <i>Dyr innanhúss</i></p> <p>Breidd og hæð innihurða skal vera þannig að fullnægt sé þörf vegna þeirrar umferðar sem gert er ráð fyrir innan byggingarinnar.</p> <p>Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Í öðrum byggingum skal hindrunarlaus umferðarbreidd dyra innanhúss vera að lágmarki 0,70 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Heimilt er að dyr séu minni í rýmum sem telja má sem innbyggða skápa, s.s. litla ræstiklefa, lítil tæknirými o.þ.h.</p> <p>Dyr í byggingum skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Miða skal við að áttak við að opna hurð sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N.</p> <p>Dyr innan íbúða fyrir hreyfihamlaða skulu vera þröskuldslausar.</p> <p>Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.</p>
<b>Gr. 6.4.3</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hindrunarlaus umferðarbreidd og – hæð innihurða þar sem algildrar hönnunar er krafist í byggingum breytist í 0,80 m x 2,00 m og í öðrum byggingum í 0,70 m x 2,00 m. – <i>Til samræmis við Norðurlöndin.</i></li> <li>• Aðrar breytingar á greininni eru vegna þess að ákvæði um svala-/garðdyr færast í grein 6.4.2 <i>Inngangsdyr/útidyr og svala- /garðdyr.</i></li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.4.4. gr. <i>Gangar og anddyri.</i></p> <p><i>Meginreglur:</i> Eftirfarandi meginreglur gilda um anddyri og ganga:</p> <p>4. Um byggingar sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar gildir eftirfarandi:</p> <p>b. Utan við hurðir, á gangi eða svalagangi, skal vera hindrunarlaus flötur, minnst 1,80 m x 1,80 m. Heimilt er að víkja frá þessu ef gangur er a.m.k. 1,50 m breiður.</p> <p>c. Á göngum sem eru mjórri en 1,50 m skal vera mætingarsvæði hjólastóla, 1,80 m x 1,80 m að stærð með hæfilegu millibili miðað við þá umferð sem vænta má um ganginn.</p> <p>d. Innan íbúa skal tryggt fullnægjandi athafnasvæði fyrir hjólastól, minnst 1,50 m x 1,50 m framan við hurðir.</p> <p>e. Andyri innan íbúða skulu vera með hindrunarlausu svæði sem er a.m.k. 1,50 m x 1,50 m að stærð.</p> <p><i>Viðmiðunarreglur:</i> Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um anddyri og ganga:</p> <p>2. Á göngum og svalagöngum sem eru mjórri en 1,50 m skal vera mætingarsvæði hjólastóla, 1,80 m x 1,80 m að stærð með mest 10 m millibili. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.4.4. gr. <i>Gangar og anddyri.</i></p> <p><i>Meginreglur:</i> Eftirfarandi meginreglur gilda um anddyri og ganga:</p> <p>4. Um byggingar sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar gildir eftirfarandi:</p> <p>b. Utan við hurðir, á gangi eða svalagangi, skal vera hindrunarlaus flötur, minnst 1,50 m x 1,50 m eða minnst 1,80 m x 1,80 m þar sem umferð er mikil. Heimilt er að víkja frá þessu við geymslur í sameign.</p> <p>c. Á göngum sem eru mjórri en 1,50 m skal vera mætingarsvæði hjólastóla, 1,50 m x 1,50 m að stærð með hæfilegu millibili miðað við þá umferð sem vænta má um ganginn. Þar sem umferð er mikil skal mætingarsvæði vera 1,80 m x 1,80 m.</p> <p>d. Innan íbúða skal tryggt fullnægjandi athafnasvæði fyrir hjólastól, minnst 1,30 m x 1,30 m framan við hurðir.</p> <p>e. Andyri innan íbúða skulu vera með hindrunarlausu svæði sem er a.m.k. 1,30 m x 1,30 m að stærð.</p> <p><i>Viðmiðunarreglur:</i> Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um anddyri og ganga:</p> <p>2. Á göngum og svalagöngum sem eru mjórri en 1,50 m skal vera mætingarsvæði hjólastóla með mest 10 m millibili. ...</p>
<b>Gr. 6.4.4</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Meginregla 4, b liður.</b> Lágmarksstærð flatar utan við hurðir á gangi eða svalagangi minnkar í 1,50 m x 1,50 m þar sem umferð er lítil en er 1,80 x 1,80 m þar sem hún er mikil. Heimilt að víkja frá þessu við geymslur í sameign. – <i>Til samræmis við Norðurlönd.</i></li> <li>• <b>Meginregla 4, c liður.</b> Mætingarsvæði hjólastóla þar sem umferð er lítil minnkar í 1,50 m x 1,50 m en er 1,80 x 1,80 m þar sem umferð er mikil. – <i>Til samræmis við b lið.</i></li> <li>• <b>Meginregla 4, d liður.</b> Breyting á lágmarksstærð athafnasvæðis framan við hurðir innan íbúða í 1,30 m x 1,30 m. Sama gildir um lið e sem fjallar um anddyri. – <i>Til samræmis við reglur í Svíþjóð og Finnlandi. Breyting í þessa veru er í umsagnarferli í Noregi.</i></li> <li>• <b>Viðmiðunarregla 2.</b> Breyting til samræmis við meginreglu 4 b lið.</li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.4.5. gr. <i>Jöfnun hæðarmunar og algild hönnun.</i></p> <p>Í byggingum þar sem krafa er gerð um algilda hönnun skal jafna hæðarmun í umferðarleiðum meðskábraut eða víðeigandi lyftubúnaði, sbr. 6.4.11, 6.4.12 og 6.4.13. gr.</p>	<p style="text-align: center;">6.4.5. gr. <i>Jöfnun hæðarmunar og algild hönnun.</i></p> <p>Í byggingum þar sem krafa er gerð um algilda hönnun skal jafna hæðarmun í umferðarleiðum með skábraut eða víðeigandi lyftubúnaði, sbr. 6.4.11 og 6.4.12 gr.</p>
<b>Gr. 6.4.5</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Leiðrétting á tilvísun</i></li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.4.8. gr. <i>Stigar og tröppur – breidd og lofthæð.</i></p> <p>...Hindrunarlaus ganghæð í stigum bygginga skal vera minnst 2,20 m. Breidd útitrappa að aðalinngangi bygginga skal vera a.m.k. 1,30 m með hindrunarlaus ganghæð a.m.k. 2,20 m. Stigar/tröppur við bakinngang og á öðrum stöðum þar sem gert ráð fyrir takmörkuðum umgangi, skulu vera a.m.k. 0,90 m breiðir. Stigar/tröppur af svölum íbúðar niður í garð mega þó vera að lágmarki 0,60 m að breidd, mælt milli handlista. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.4.8. gr. <i>Stigar og tröppur – breidd og lofthæð.</i></p> <p>...Hindrunarlaus ganghæð í stigum bygginga skal vera minnst 2,10 m. Breidd útitrappa að aðalinngangi bygginga skal vera a.m.k. 1,20 m með hindrunarlaus ganghæð a.m.k. 2,10 m. Stigar/tröppur við bakinngang og á öðrum stöðum þar sem gert ráð fyrir takmörkuðum umgangi, skulu vera a.m.k. 0,90 m breiðir. Stigar/tröppur af svölum íbúðar niður í garð mega þó vera að lágmarki 0,60 m að breidd, mælt milli handlista. ...</p>
<b>Gr. 6.4.8</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hindrunalaus ganghæð stiga í byggingum og útitrappa lækkuð í 2,10 m. - <i>Til samræmis við Norðurlönd.</i></li> <li>• Einnig er lágmarksbreidd útitrappa minnkuð í 1,20 m. –<i>Til samræmis við breidd stiga innan bygginga.</i></li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.4.11. gr. <i>Skábrautir og hæðarmunur.</i></p> <p><i>...Viðmiðunarreglur:</i> Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um hönnun skábrauta fyrir hjólastóla:</p> <p>3. Þar sem skábraut kemur að útidyrum skal vera sléttur láréttur flötur utan opnunarsvæðis dyra, a.m.k. 1,80 x 1,80 m að stærð.</p> <p>4. Þar sem jafnaður er hæðarmunur sem er meiri en 0,50 m skulu vera hvíldarpallar við a.m.k. hverja 0,50 m hækkun. Hvíldarpallur skal vera jafn breiður skábrautinni og a.m.k. 1,80 m að lengd.</p> <p>6. Breidd skábrauta skal vera minnst 0,90 og ekki minni en 1,30 m á lengri leiðum mælt á milli handlista. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.4.11. gr. <i>Skábrautir og hæðarmunur.</i></p> <p><i>...Viðmiðunarreglur:</i> Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um hönnun skábrauta fyrir hjólastóla:</p> <p>3. Þar sem skábraut kemur að útidyrum skal vera sléttur láréttur flötur utan opnunarsvæðis dyra, a.m.k. 1,50 x 1,50 m að stærð. Þar sem umferð er mikil skal flöturinn vera a.m.k. 1,80 m x 1,80 m að stærð.</p> <p>4. Þar sem jafnaður er hæðarmunur sem er meiri en 0,60 m skulu vera hvíldarpallar við a.m.k. hverja 0,60 m hækkun. Hvíldarpallur skal vera jafn breiður skábrautinni og a.m.k. 1,50 m að lengd eða 1,80 m þar sem umferð er mikil.</p> <p>6. Breidd skábrauta skal vera minnst 0,90 m og ekki minni en 1,30 m á lengri leiðum mælt á milli handlista. ...</p>
<b>Gr. 6.4.11</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Viðmiðunarregla 3.</b> Lágmarksstærð flatar við enda skábrautar við útidyr breytt í 1,50 m x 1,50 m þar sem umferð er lítil og 1,80 m x 1,80 m þar sem hún er mikil. – <i>Til samræmis við gr. 6.4.4 meginreglu lið b.</i></li> <li>• <b>Viðmiðunarregla 4.</b> Ákvæði um hvíldarpalla skábrauta breytt þannig að ef hæðarmunur er meiri en 0,60 m þá skal vera hvíldarpallur við a.m.k. hverja 0,60 m hækkun. Hvíldarpallur skal vera 1.50 m að lengd þar sem umferð er lítil og 1,80 m þar sem hún er mikil. – <i>Til samræmis við Norðurlönd og fyrri breytingartillögur hér að framan</i></li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.4.12. gr. <i>Lyftur og lyftupallar.</i></p> <p><i>Meginreglur:</i> Eftirfarandi meginreglur gilda um lyftur og lyftupalla:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>3. Staðsetja ber lyftur þannig að nýting þeirra verði sem best með tilliti til umferðar innan byggingarinnar. Greið leið skal vera að lyftum og merkingar sem vísa til þeirra skulu vera fullnægjandi að fjölda og gerð. Lyftur til fólksflutninga og aðkoma að þeim skulu þannig hannaðar og frágengnar að þær henti til notkunar fyrir þá einstaklinga sem taldir eru upp í 6.1.2. gr. Hindrunarlaust umferðarmál dyraops að lyftu skal að lágmarki vera 0,90 m að breidd og 2,10 m að hæð.</li> <li>5. Í öllum byggingum sem eru þrjár hæðir eða hærri skal minnst vera ein lyfta. Ekki þarf þó lyftu í þriggja hæða íbúðarhúsi ef hvergi í byggingunni er meira en ein hæð milli aðalaðkomuleiðar og inngangs annars vegar og inngangs að íbúð hins vegar, t.d. ef bygging stendur í halla og aðalinngangur er á miðhæð.</li> <li>7. Lyftur skv. 4.-6. lið skulu vera með innanmál minnst 1,10 m x 2,10 m og burðargetu að lágmarki 1.000 kg.</li> <li>8. Séu fleiri lyftur til fólksflutninga innan mannvirkis en lágmarkskröfur þessarar reglugerðar kveða á um, skal stærð þeirra vera þannig að þær henti til notkunar fyrir fólk í hjólastól.</li> </ol> <p><i>Viðmiðunarreglur:</i> Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um lyftur og lyftupalla:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>6. Hindrunarlaust athafnasvæði fyrir hjólastóla framan við lyftu skal vera minnst 1,80 m að breidd meðfram lyftudyrum og lengd þess minnst 2,00 m. ...</li> </ol>	<p style="text-align: center;">6.4.12. gr. <i>Lyftur og lyftupallar.</i></p> <p><i>Meginreglur:</i> Eftirfarandi meginreglur gilda um lyftur og lyftupalla:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>3. Staðsetja ber lyftur þannig að nýting þeirra verði sem best með tilliti til umferðar innan byggingarinnar. Greið leið skal vera að lyftum og merkingar sem vísa til þeirra skulu vera fullnægjandi að fjölda og gerð. Lyftur til fólksflutninga og aðkoma að þeim skulu þannig hannaðar og frágengnar að þær henti til notkunar fyrir þá einstaklinga sem taldir eru upp í 6.1.2. gr. Hindrunarlaust umferðarmál dyraops að lyftu skal að lágmarki vera 0,80 m að breidd og 2,00 m að hæð.</li> <li>5. Í öllum byggingum sem eru þrjár hæðir eða hærri skal minnst vera ein lyfta. Ekki þarf þó lyftu í þriggja hæða íbúðarhúsi ef hvergi í byggingunni er meira en ein hæð milli aðalaðkomuleiðar og inngangs annars vegar og inngangs að íbúð hins vegar, t.d. ef bygging stendur í halla og aðalinngangur er á miðhæð. Einnig er heimilt að víkja frá kröfu um lyftu í þriggja hæða íbúðarhúsi með fjórum íbúðum eða færri í þegar byggðu hverfi. Slíkt er þó eingöngu heimilt þegar um nýbyggingu er að ræða á lítilli lóð og skal hönnuður rökstyðja skriflega að krafa um lyftu leiði til verulegrar óhagkvæmni eða þess að bygging íbúðarhússins sé ekki möguleg.</li> <li>7. Lyftur skv. 4.-6. lið skulu vera með innanmál minnst 1,10 m x 2,10 m og burðargetu að lágmarki 1.000 kg. Þó er heimilt í þriggja hæða íbúðarhúsi að hafa minni lyftu að því tilskyldu að hún henti til notkunar fyrir fólk í hjólastól. Sama gildir um lyftur í átta hæða íbúðarhúsi eða hærri að því tilskyldu að a.m.k. ein lyfta uppfylli kröfur 1. máls. Þegar vikið er frá kröfum 1. másl. skal burðargeta lyftu vera að lágmarki 630 kg.</li> <li>8. Séu fleiri lyftur til fólksflutninga innan mannvirkis en lágmarkskröfur þessarar reglugerðar kveða á um, skal stærð þeirra vera þannig að þær henti til notkunar fyrir fólk í hjólastól og skal burðargeta þeirra vera að lágmarki 630 kg.</li> </ol> <p><i>Viðmiðunarreglur:</i> Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um lyftur og lyftupalla:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>6. Hindrunarlaust athafnasvæði fyrir hjólastóla framan við lyftu skal vera minnst 1,80 m að breidd meðfram lyftudyrum og lengd þess minnst 2,00 m. Þegar um er að ræða íbúðarhúsnæði allt að þremur hæðum skal athafnasvæðið þó minnst vera 1,50 m að breidd meðfram lyftudyrum og lengd þess minnst 2,00 m. ...</li> </ol>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

<b>Gr. 6.4.12</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Meginregla 3.</b> Hindrunarlaust umferðarmál dýraops að lyftu verður 0,80 m x 2,00 m. – <i>Til samræmis við breytingar á inni- og útihurðum.</i></li> <li>• <b>Meginregla 5.</b> Bætt við heimild til undanþágu frá kröfu um lyftu „... í þriggja hæða íbúðarhúsi með fjórum íbúðum eða færri í þegar byggðu hverfi. Slíkt er þó eingöngu heimilt þegar um nýbyggingu er að ræða á lítilli lóð og skal hönnuður rökstyðja skriflega að krafa um lyftu leiði til verulegrar óhagkvæmni eða þess að bygging íbúðarhússins sé ekki möguleg.“ – <i>Til að auðvelda uppbyggingu á þegar byggðu svæði með litlum lóðum og byggingarreitum.</i></li> <li>• <b>Meginregla 7.</b> Dregið úr kröfum um lágmarksstærð lyftu í þriggja hæða íbúðarhúsum, en þó er enn krafa um að lyftan henti til notkunar fyrir fólk í hjólastól. Einnig heimilt að hafa aðra lyftuna í 8 hæða og hærri íbúðarbyggingum minni og skulu lyfturnar vera með lágmarksburðargetu 630 kg.</li> <li>• <b>Meginregla 8.</b> Við bætist ákvæði um lágmarksburðargetu aukalyftu 630 kg. – <i>Vantaði í fyrri reglugerð.</i></li> <li>• <b>Viðmiðunarregla 6.</b> Dregið úr kröfum um lágmarksstærð athafnasvæðis framan við lyftur sem þjóna íbúðarbyggingum upp að 3 hæðum og skal það minnst vera 1,50 m x 1,50 m. Hindrunarlaust athafnasvæði fyrir sjúkraflutninga skal minnst vera 1,50 m að breidd meðfram lyftudyrum og lengd þess minnst 2,00 m framan við allar lyftur sem þjóna opinberum byggingum og íbúðarbyggingum hærri en 3 hæðir. <i>Til að draga úr kröfum fyrir minni byggingar.</i></li> </ul>
-------------------	---

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
6.7.3. gr. <i>Almennar kröfur til íbúða.</i> ...Í hverri íbúð skulu vera læsanlegir skápar fyrir geymslu á lyfjum og öðrum efnum hættulegum börnum, reykskynjari og slökkvitæki. Hverri íbúð skal að jafnaði fylgja hæfilega stór skápur eða geymsla undir nauðsynleg ræstingataeki. ...	6.7.3. gr. <i>Almennar kröfur til íbúða.</i> ...Í hverri íbúð skulu vera reykskynjari og slökkvitæki. ...
<b>Gr. 6.7.3</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.7.3. gr.</b> eru felld niður ákvæði um læsanlega lyfjaskápa og ræstiskápa. – <i>Til að draga úr kröfum og einfalda reglugerð.</i></li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.7.6. gr. <i>Lofthæð og birtuskilyrði.</i></p> <p>Lofthæð í íbúðarherbergjum og vistarverum skal vera a.m.k. 2,50 m að innanmáli mælt frá fullfrágengnu gólfi að fullfrágengnu lofti. ...</p> <p>...Íbúðir í fjölbýlishúsum skulu hafa a.m.k. tvær gluggahliðar, nema íbúðir 55 m<sup>2</sup> eða minni, enda snúi þær í suðlæga átt. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.7.6. gr. <i>Lofthæð og birtuskilyrði.</i></p> <p>Lofthæð í íbúðarherbergjum og eldhúsi skal vera a.m.k. 2,50 m að innanmáli mælt frá fullfrágengnu gólfi að fullfrágengnu lofti. ...</p> <p>...Íbúðir í fjölbýlishúsum skulu njóta fullnægjandi birtuskilyrða og loftskipta og hafa að öllu jöfnu a.m.k. tvær gluggahliðar. ...</p>
<b>Gr. 6.7.6</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.7.6 gr.</b> Ákvæði um lágmarkslofthæð nái til íbúðarherbergja og eldhúss, í stað íbúðarherbergja og vistarvera.</li> <li>• <b>5. mgr.</b> Kvöð um suðlægar áttir í fjölbýlishúsum felld niður en áfram krafa um fullnægjandi birtuskilyrði og loftskipti og að íbúðir hafi að öllu jöfnu a.m.k. tvær gluggahliðar. - <i>Til einföldunar og til að hægt sé að byggja randbyggingar.</i></li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.7.7. gr. <i>Eldhús.</i></p> <p>Eldhús íbúða skulu vera nægjanlega stór þannig að þar rúmist innréttingar af þeim gerðum sem henta stærð íbúða. Þau skulu þó ekki vera minni en 7 m<sup>2</sup>. Heimilt er að víkja frá lágmarksstærð eldhúsa í íbúðum minni en 55 m<sup>2</sup> og skal hönnuður þá rökstyðja skriflega að rýmið sé fullnægjandi að stærð.</p> <p>Þegar eldhús íbúðar er sameinað stofu er heimilt að samnýta borðkrók.</p> <p>Á eldhúsi íbúðar skal vera opnanlegur gluggi. Ekki er þó gerð krafa um að hafa glugga í eldhúsi sé það hluti af stofu eða borðstofu og þannig frá því gengið að tryggt sé að nægileg dagsbirta verði í eldhúsinu. Í slíkum tilvikum ber að reikna stofu og eldhús sem eitt herbergi við ákvörðun gluggastærða.</p> <p>Eldhús íbúðar skal loftræst í samræmi við ákvæði 10.2. kafla.</p> <p>Í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skal athafnarými framan við eldhúsinnréttingu ekki vera minna en 1,50 m að þvermáli eða sýnt fram á að unnt sé að breyta innréttingunni á þann veg. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.7.7. gr. <i>Eldhús.</i></p> <p>Eldhús íbúða skulu vera nægjanlega stór þannig að þar rúmist innréttingar af þeim gerðum sem henta stærð íbúða. Í þeim skal vera vaskur, eldavél, rými fyrir kæliskáp, viðeigandi vinnu- og geymslurými og aðstaða til að matast sé ekki gert ráð fyrir henni annars staðar í íbúðinni. Hönnuður skal rökstyðja skriflega að rýmið sé fullnægjandi að stærð miðað við áætlaðan fjölda íbúa.</p> <p>Eldhús íbúðar skal loftræst í samræmi við ákvæði 10.2. kafla.</p> <p>Í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skal athafnarými framan við eldhúsinnréttingu ekki vera minna en 1,50 m að þvermáli eða sýnt fram á að unnt sé að breyta innréttingunni á þann veg. ...</p>
<b>Gr. 6.7.7</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.7.7. gr.</b> Ákvæði um eldhús sett fram sem markmiðsákvæði og stærðarkrafa tekin út. Hönnuðir skulu rökstyðja skriflega að rýmið sé fullnægjandi að stærð miðað við áætlaðan fjölda íbúa.</li> </ul>



## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.7.8. gr. <i>Íbúðarherbergi.</i></p> <p>Stærð íbúðarherbergja skal vera í samræmi við stærð íbúðar og fyrirhugaða notkun hennar. Við ákvörðun um stærð íbúðarherbergja skal taka mið af þeim innréttingum og húsgögnum sem gert er ráð fyrir að verði í viðkomandi herbergi.</p> <p>Svefnherbergi íbúðar skulu ekki vera hvert inn af öðru og er óheimilt að hafa einu aðkomuna að öðrum íbúðarherbergjum í gegnum svefnherbergi.</p> <p>Á hverju íbúðarherbergi skal vera opnanlegur gluggi.</p> <p>Íbúðarherbergi skal ekki vera mjórri en 2,40 m né minna en 8 m<sup>2</sup> að flatarmáli.</p> <p>Innan íbúðar sem er 55 m<sup>2</sup> að stærð og stærri, skal minnst vera eitt svefnherbergi, auk stofu sem ekki er minni en 18 m<sup>2</sup>.</p> <p>Íbúðir sem eru hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Í a.m.k. einu svefnherbergi skal vera hindrunarlaust athafnarými ekki minna en 1,5 m að þvermáli við rúm og skáp.</li> <li>Í stofu skal vera hindrunarlaust athafnarými sem er ekki minna en 1,5 m að þvermáli.</li> <li>Hindrunarlaus umferðarleið skal vera að opnanlegum glugga í íbúðarherbergjum skv. a og b lið...</li> </ol>	<p style="text-align: center;">6.7.8. gr. <i>Íbúðarherbergi.</i></p> <p>Stærð íbúðarherbergja skal vera í samræmi við stærð íbúðar og fyrirhugaða notkun hennar. Við ákvörðun um stærð íbúðarherbergja skal taka mið af þeim innréttingum og húsgögnum sem gert er ráð fyrir að verði í viðkomandi herbergi.</p> <p>Svefnherbergi íbúðar skulu ekki vera hvert inn af öðru og er óheimilt að hafa einu aðkomuna að öðrum íbúðarherbergjum í gegnum svefnherbergi.</p> <p>Á hverju íbúðarherbergi skal vera opnanlegur gluggi.</p> <p>Íbúðarherbergi skal ekki vera mjórri en 2,40 m.</p> <p>Íbúðir sem eru hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Í a.m.k. einu svefnherbergi skal vera hindrunarlaust athafnarými ekki minna en 1,3 m að þvermáli við rúm og skáp.</li> <li>Í stofu skal vera hindrunarlaust athafnarými sem er ekki minna en 1,3 m að þvermáli.</li> <li>Hindrunarlaus umferðarleið skal vera að opnanlegum glugga í íbúðarherbergjum skv. a og b lið...</li> </ol>
<b>Gr. 6.7.8</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>6.7.8. gr. 4. mgr.</b> Krafa um 8 m<sup>2</sup> lágmarksstærð íbúðarherbergis felld niður og í stað þess sett markmiðsákvæði um að stærð íbúðarherbergja skuli vera í samræmi við stærð íbúðar og fyrirhugaða notkun hennar og taka mið af þeim innréttingum og húsgögnum sem gert er ráð fyrir að verði í herberginu. - <i>Aukinn sveigjanleiki við hönnun.</i></li> <li><b>5. mgr. a og b liður.</b> Lágmarksstærð athafnarýmis í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar minnkað í 1,30 m að þvermáli.</li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.7.10. gr. <i>Baðherbergi og snyrtingar.</i></p> <p>Í hverri íbúð skal vera sérstakt rými þar sem eru hreinlætistæki, hreinlætisaðstaða, salerni, baðaðstaða og handlaug. Hreinlætistækjum má koma fyrir í einu herbergi sem skal vera a.m.k. 5,0 m<sup>2</sup> eða í tveimur herbergjum, samtals a.m.k. 7,0 m<sup>2</sup>, og skal þá handlaug vera í þeim báðum.</p> <p>Aðkoma að snyrtingu eða baðherbergi íbúðar skal ekki vera frá svefnherbergi, nema annað baðherbergi eða snyrting sé í íbúðinni.</p> <p>Aðkoma að öðrum rýmum íbúðar skal ekki vera um baðherbergi eða snyrtingu, nema aðkoma að þvottaherbergi.</p> <p>Snyrtingar og baðherbergi í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu hönnuð þannig að þau uppfylli eftirfarandi kröfur:</p> <p>a. Stærð herbergis skal vera nægjanleg og grunnflötur þannig skipulagður að hægt sé að koma við hindrunarlausu snúningssvæði, a.m.k. 1,50 m að þvermáli, framan við salerni. Öðru megin salernis skal vera hindrunarlaust svæði, a.m.k. 0,90 m breitt, og hinu megin salernis skal vera samsvarandi svæði, a.m.k. 0,20 m að breidd. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.7.10. gr. <i>Baðherbergi og snyrtingar.</i></p> <p>Í hverri íbúð skal vera baðherbergi þar sem eru hreinlætistæki, hreinlætisaðstaða, salerni, baðaðstaða og handlaug. Hreinlætistækjum má koma fyrir í fleiri en einu herbergi og skal þá handlaug vera í þeim herbergjum þar sem eru salerni.</p> <p>Aðkoma að snyrtingu eða baðherbergi íbúðar skal ekki vera frá svefnherbergi, nema annað baðherbergi eða snyrting sé í íbúðinni.</p> <p>Aðkoma að öðrum rýmum íbúðar skal ekki vera um baðherbergi eða snyrtingu, nema aðkoma að þvottaherbergi.</p> <p>Baðherbergi í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu hönnuð þannig að þau uppfylli eftirfarandi kröfur og skal hönnuður sýna fram á með greinargerð og/eða teikningu að þau séu innréttanleg á auðveldan hátt þannig að þær séu uppfylltar:</p> <p>a. Stærð herbergis skal vera nægjanleg og grunnflötur þannig skipulagður að hægt sé að koma við hindrunarlausu snúningssvæði, a.m.k. 1,50 m að þvermáli en a.m.k. 1,30 m að þvermáli í íbúðum minni en 55 m<sup>2</sup>. Jafnframt skal vera unnt að koma við hindrunarlausu svæði, a.m.k. 0,90 m breiðu, öðru megin salernis og a.m.k. 0,20 m að breidd hinu megin. ...</p> <p>e. Í íbúð með fleiri en eitt baðherbergi er eingöngu krafa um að eitt þeirra uppfylli kröfur þessarar málsgreinar. ...</p>
<b>Gr. 6.7.10</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.7.10. gr. 1. mgr.</b> Ákvæði um lágmarksstærð baðherbergja felld niður. Í stað þess sett fram markmiðsákvæði um hvaða kröfur baðherbergi eigi að uppfylla. - <i>Aukinn sveigjanleiki við hönnun.</i></li> <li>• <b>4. mgr.</b> Gerð krafa um greinargerð hönnuðar vegna algildrar hönnunar.</li> <li>• Lágmarksþvermál snúningssvæðis hjólastóls í íbúðum minni en 55 m<sup>2</sup> minnkað í 1,30 m.</li> <li>• <b>Nýr liður e</b> settur inn: „Ef fleiri en eitt baðherbergi eru í íbúð sem hönnuð er á grundvelli algildrar hönnunar er einungis krafa um að eitt þeirra uppfylli kröfur 4. mgr.“</li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.7.11. gr. <i>Þvottaherbergi íbúða.</i></p> <p>Þvottaherbergi skal fylgja hverri íbúð, ýmist sem sjálfstætt herbergi innan íbúðar, hluti baðherbergis, sjálfstætt herbergi utan íbúðar eða sem eignarhluti í sameiginlegu þvottahúsi innan fjölbýlishúss.</p> <p>Í þvottaherbergi íbúðar skal vera hægt að koma fyrir þvottavél, þurrkara, ræstivaski og aðstöðu til að þurrka þvott. Lágmarksstærð þvottaherbergis innan íbúðar skal vera a.m.k. 1,8 m x 1,8 m. Innan íbúða sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skal þvottaherbergi vera að lágmarki 5,0 m<sup>2</sup>.</p> <p>Heimilt er að hafa þvottaherbergi innan íbúðar sem hluta af baðherbergi. Skulu þá allar kröfur þessarar reglugerðar uppfylltar varðandi gerð og frágang slíkra rýma. Víkja má frá lágmarksstærðum fyrir bað- og þvottaherbergi enda sé tryggt að kröfur um aðgengi hreyfihamlaðra séu uppfylltar og grein gerð fyrir því í greinargerð hönnuðar og á uppdráttum.</p> <p>Þvottaherbergi íbúðar skal uppfylla kröfur til votryma og skal loftræst skv. ákvæðum 10.2. kafla. Ef bað- og þvottaherbergi eru sameinuð skal uppfylla heildarloftræsikröfu beggja rýma. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.7.11. gr. <i>Þvottaherbergi íbúða.</i></p> <p>Þvottaherbergi skal fylgja hverri íbúð, ýmist sem sjálfstætt herbergi innan íbúðar, hluti baðherbergis, sjálfstætt herbergi utan íbúðar eða sem eignarhluti í sameiginlegu þvottahúsi innan fjölbýlishúss.</p> <p>Í þvottaherbergi íbúðar skal vera hægt að koma fyrir þvottavél, þurrkara, ræstivaski og aðstöðu til að þurrka þvott. Heimilt er þó að víkja frá kröfu um ræstivask þegar þvottaherbergi er hluti af baðherbergi. Í íbúðum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skal stærð þvottaherbergis vera nægjanleg og grunnflötur þannig skipulagður að hægt sé að koma við hindrunarlausu snúningssvæði, a.m.k. 1,50 m að þvermáli en a.m.k. 1,30 m að þvermáli í íbúðum minni en 55 m<sup>2</sup>.</p> <p>Þvottaherbergi íbúðar skal uppfylla kröfur til votryma og skal loftræst skv. ákvæðum 10.2. kafla. Ef bað- og þvottaherbergi eru sameinuð skal uppfylla heildarloftræsikröfu beggja rýma. ...</p>
<b>Gr. 6.7.11</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.7.11. gr.</b> Ákvæði um lágmarksstærð þvottaherbergja felld niður en markmiðsákvæði sett fram í staðinn.</li> <li>• Lágmarkspvermál snúningssvæðis hjólastóls í íbúðum minni en 55 m<sup>2</sup> minnkað í 1,30 m.</li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.7.12. gr. <i>Sameiginleg þvottaherbergi.</i></p> <p>Stærð sameiginlegra þvottaherbergja skal vera í samræmi við stærð og fjölda íbúða. Á aðaluppdráttum skal koma fram hvort hver íbúð sé með eigin þvottavél og þurrkara eða hvort gert sé ráð fyrir sameiginlegum vélakosti. Jafnframt skal gera ráð fyrir sameiginlegu þurrkrými fyrir þvott þar sem þvottaherbergi er sameiginlegt. Í sameiginlegum þvottaherbergjum skal koma fyrir skolvaski. Minnsta stærð sameiginlegra þvottaherbergja er 8,0 m<sup>2</sup> fyrir allt að þrjár íbúðir. Sameiginleg þvottaherbergi skal hanna á grundvelli algildrar hönnunar.</p> <p>Þvottaherbergi og þurrkrými skulu uppfylla kröfur til votrýma og skulu loftræst skv. ákvæðum 10.2. kafla...</p>	<p style="text-align: center;">6.7.12. gr. <i>Sameiginleg þvottaherbergi.</i></p> <p>Stærð sameiginlegra þvottaherbergja skal vera í samræmi við stærð og fjölda íbúða. Á aðaluppdráttum skal koma fram hvort hver íbúð sé með eigin þvottavél og þurrkara eða hvort gert sé ráð fyrir sameiginlegum vélakosti. Jafnframt skal gera ráð fyrir sameiginlegu þurrkrými fyrir þvott þar sem þvottaherbergi er sameiginlegt. Í sameiginlegum þvottaherbergjum skal koma fyrir skolvaski. Sameiginleg þvottaherbergi skal hanna á grundvelli algildrar hönnunar. Stærð herbergis skal vera nægjanleg og grunnflötur þannig skipulagður að hægt sé að koma við hindrunarlausu snúningssvæði, a.m.k. 1,50 m að þvermáli.</p> <p>Þvottaherbergi og þurrkrými skulu uppfylla kröfur til votrýma og skulu loftræst skv. ákvæðum 10.2. kafla...</p>
<b>Gr. 6.7.12</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.7.12. gr.</b> Stærðarkröfur þvottaherbergis felldar niður. Markmiðsákvæði í staðinn.</li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012																								
<p style="text-align: center;">6.7.13. gr. <i>Geymslur.</i></p> <p><b>...Tafla 6.05 Lágmarksstærð geymslu.</b></p> <table border="1" data-bbox="190 901 750 1102"> <thead> <tr> <th>Stærð íbúðar (m<sup>2</sup>)</th> <th>Lágmarksstærð geymslu (m<sup>2</sup>)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>70 og stærri</td> <td>6</td> </tr> <tr> <td>60 - 69</td> <td>5</td> </tr> <tr> <td>50 - 59</td> <td>4</td> </tr> <tr> <td>45 - 49</td> <td>3,5</td> </tr> <tr> <td>Minni en 45</td> <td>2,5 ...</td> </tr> </tbody> </table>	Stærð íbúðar (m <sup>2</sup> )	Lágmarksstærð geymslu (m <sup>2</sup> )	70 og stærri	6	60 - 69	5	50 - 59	4	45 - 49	3,5	Minni en 45	2,5 ...	<p style="text-align: center;">6.7.13. gr. <i>Geymslur.</i></p> <p><b>...Tafla 6.05 Lágmarksstærð geymslu.</b></p> <table border="1" data-bbox="1131 901 1825 1102"> <thead> <tr> <th>Stærð íbúðar (m<sup>2</sup>)</th> <th>Lágmarksstærð geymslu (m<sup>2</sup>)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>75 og stærri</td> <td>6,0</td> </tr> <tr> <td>65 - 74</td> <td>5,0</td> </tr> <tr> <td>55 - 64</td> <td>4,0</td> </tr> <tr> <td>45 - 54</td> <td>3,0</td> </tr> <tr> <td>Minni en 45</td> <td>2,0 ...</td> </tr> </tbody> </table>	Stærð íbúðar (m <sup>2</sup> )	Lágmarksstærð geymslu (m <sup>2</sup> )	75 og stærri	6,0	65 - 74	5,0	55 - 64	4,0	45 - 54	3,0	Minni en 45	2,0 ...
Stærð íbúðar (m <sup>2</sup> )	Lágmarksstærð geymslu (m <sup>2</sup> )																								
70 og stærri	6																								
60 - 69	5																								
50 - 59	4																								
45 - 49	3,5																								
Minni en 45	2,5 ...																								
Stærð íbúðar (m <sup>2</sup> )	Lágmarksstærð geymslu (m <sup>2</sup> )																								
75 og stærri	6,0																								
65 - 74	5,0																								
55 - 64	4,0																								
45 - 54	3,0																								
Minni en 45	2,0 ...																								
<b>Gr. 6.7.13</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.7.13. gr.</b> Töflu 6.05 breytt og kröfur um lágmarksstærðir geymslna rýmkaðar. – <i>Til að minnka stærðir lítilla íbúða.</i></li> </ul>																								

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.10.3. gr. <i>Gististarfsemi.</i></p> <p>Öll gistisherbergi skulu vera með opnanlegan glugga á útvegg. Eitt af hverjum fimm gistisherbergjum í byggingu þar sem rekin er gististarfsemi skal innréttað fyrir hreyfihamlaða þó aldrei færri en eitt.</p>	<p style="text-align: center;">6.10.3. gr. <i>Gististarfsemi.</i></p> <p>Öll gistisherbergi skulu vera með glugga á útvegg. Eitt af hverjum tíu gistisherbergjum í byggingu þar sem rekin er gististarfsemi skal innréttað fyrir hreyfihamlaða þó aldrei færri en eitt.</p>
<b>Gr. 6.10.3</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>6.10.3. gr.</b> Kvöð um opnanlegan glugga á gistisherbergjum felld niður.</li> <li>• Kvaðir um fjölda gistisherbergja fyrir hreyfihamlaða breytast í 1/10. – <i>Dregið úr kröfum um fjölda gistisherbergja sem hannaður skulu á grundvelli algildrar hönnunar.</i></li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.10.4. gr. <i>Íbúðir og heimavistir fyrir námsmenn (stúdentagarðar).</i></p> <p>Innan stúdentagarða skal ein af hverjum átta íbúðum og eitt af hverjum átta herbergjum á heimavistum henta þörfum hreyfihamlaðra, þó aldrei færri en ein/eitt. Á þeim hæðum þar sem ein eða fleiri íbúðir eða herbergi uppfylla ekki kröfur um baðherbergi fyrir hreyfihamlaða skal vera í sameign ein snyrting fyrir hreyfihamlaða með aðgengi beggja vegna salernis.</p> <p>Íbúð fyrir námsmenn skal vera að lágmarki 37,0 m<sup>2</sup> að nettó flatarmáli. Ef gengið er inn í íbúð utan frá eða af svalagangi skal vera anddyri a.m.k. 1,5 m x 1,5 m að stærð. Hverri íbúð skal fylgja hæfilegt geymslurými í sameign, sameiginlegt þvottahús og sameiginleg hjóla- og vagnageymsla.</p> <p>Einstaklingsíbúð innan stúdentagarða má vera eitt herbergi (alrými) sem er að lágmarki 28,0 m<sup>2</sup> að nettó flatarmáli. Hæfilegt geymslurými skal vera í sameign, sameiginlegt þvottahús og sameiginleg hjóla og vagnageymsla. Alrými gegnir hlutverki stofu, svefn-, eldunar- og vinnuádstöðu. Ef gengið er inn í íbúð af svalagangi eða utan frá skal vera anddyri a.m.k. 1,5 m x 1,5 m að stærð.</p> <p>Einstaklingsherbergi námsmanna á heimavistum skal vera að lágmarki 18,0 m<sup>2</sup> að nettó flatarmáli að meðtöldu baðherbergi. Því skal fylgja hæfilegt geymslurými í sameign, sameiginlegt þvottahús og sameiginleg hjóla- og vagnageymsla. Jafnframt skal vera sameiginlegt eldhús og mataraðstaða fyrir að hámarki tólf herbergi, nema gert sé ráð fyrir sameiginlegu mótuneyti.</p> <p>Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.</p>	<p style="text-align: center;">6.10.4. gr. <i>Íbúðir og heimavistir fyrir námsmenn (stúdentagarðar).</i></p> <p>Innan stúdentagarða skal ein af hverjum tuttugu íbúðum og eitt af hverjum tuttugu herbergjum á heimavistum ætlað fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en ein/eitt, sbr. 4. mgr. 6.10.1. gr. Á þeim hæðum þar sem ein eða fleiri íbúðir eða herbergi uppfylla ekki kröfur um baðherbergi fyrir hreyfihamlaða skal vera í sameign ein snyrting fyrir hreyfihamlaða með aðgengi beggja vegna salernis. Að öðru leyti skulu íbúðir fyrir námsmenn uppfylla kröfur reglugerðar þessarar um íbúðir.</p> <p>Einstaklingsherbergi námsmanna á heimavistum gegnir hlutverki stofu, vinnu- og svefnaðstöðu. Það skal vera með baðherbergi. Því skal fylgja hæfilegt geymslurými í sameign, sameiginlegt þvottahús og sameiginleg hjólageymsla. Jafnframt skal vera sameiginlegt eldhús og mataraðstaða fyrir að hámarki tólf herbergi, nema gert sé ráð fyrir sameiginlegu mótuneyti.</p> <p>Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.</p>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

<b>Gr. 6.10.4</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>1. mgr. 6.10.4. gr.</b> Kvaðir um lágmarksfjölda herbergja og íbúða á stúdentagörðum sem henta skulu hreyfihömluðum lækkaðar í 1/20.</li> <li>• Kvaðir um íbúðir fyrir námsmenn felldar niður og almennar kröfur byggingarreglugerðar til íbúða skulu gilda.</li> <li>• Kvaðir um stærðir einstaklingsherbergja falla niður og markmiðsákvæði koma inn. – <i>Til að einfalda regluverkið, minnka kostnað og jafnframt voru almennu íbúðirnar orðnar minni en íbúðir fyrir námsmenn.</i></li> </ul>
-------------------	--

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">6.11.1. gr. <i>[Frístundahús.</i></p> <p>...Þar sem frístundahús eru til útleigu í atvinnuskyni eða á vegum félagasamtaka, s.s. stéttarfélaga, skal að minnsta kosti eitt frístundahús af hverjum átta sem eru í eigu sama aðila, þó aldrei færri en eitt, vera hannað á grundvelli algildrar hönnunar.</p> <p>Frístundahús sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu að lágmarki uppfylla eftirfarandi kröfur.</p> <p>b. Hurðarblað allra hurða skal vera minnst 0,90 m breitt og minnst 2,10 m hátt enda sé þess gætt að hindrunarlaus umferðarbreidd sé ekki minni en 0,83 m.</p> <p>f. Innan allra íveruherbergja, baðherbergis og í eldhúsi skal vera hindrunarlaust athafnarými, a.m.k. 1,50 m að þvermáli. ...</p>	<p style="text-align: center;">6.11.1. gr. <i>Frístundahús.</i></p> <p>...Þar sem frístundahús eru til útleigu í atvinnuskyni eða á vegum félagasamtaka, s.s. stéttarfélaga, skal að minnsta kosti eitt frístundahús af hverjum átta sem eru í eigu sama aðila, þó aldrei færri en eitt, vera hannað á grundvelli algildrar hönnunar. Frístundahús sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu að lágmarki uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <p>b. Hindrunarlaust umferðarmál allra dyra skal vera minnst 0,80 m breitt og minnst 2,00 m hátt.</p> <p>f. Í einu herbergi, stofu, baðherbergi og í eldhúsi skal vera hindrunarlaust athafnarými, a.m.k. 1,50 m að þvermáli. ...</p>
<b>Gr. 6.11.1</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>4. mgr. 6.11.1 gr.</b> Kvaðir um fjölda frístundahúsa til útleigu sem hönnuð skulu á grundvelli algildrar hönnunar lækkaðar í 1/10.</li> <li>• <b>b liður 5. mgr.</b> Lágmarksákvæðum um hurðarbreidd- og hæð breytt til samræmis við innihurðir í 0,80 m x 2,00 m.</li> <li>• <b>f liður 5. mgr.</b> Kröfum um hindrunarlaust athafnarými breytt. – <i>Til að rýmka kröfur og samræma.</i></li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">8.5.2. gr. <i>Gler.</i></p> <p>...Klemmifestingar með gúmmífóðringum eða sambærilegu má aðeins nota með hertu samlímdu öryggisgleri og tryggja skal að glerið geti ekki runnið til og losnað úr festingum sínum við að þrýstingur milli fóðringa og glers minnkar með tímanum, t.d. með boltum.</p>	<p style="text-align: center;">8.5.2. gr. <i>Gler.</i></p> <p>Klemmifestingar með gúmmífóðringum eða sambærilegu má aðeins nota með hertu öryggisgleri og tryggja skal að glerið geti ekki runnið til og losnað úr festingum sínum við að þrýstingur milli fóðringa og glers minnkar með tímanum, t.d. með boltum. Séu festingar af þessum toga notaðar þar sem er fallhætta má aðeins nota hert samlímt öryggisgler.</p>
<b>Gr. 8.5.2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>5. mgr. 8.5.2 gr.</b> Dregið úr kröfum. Ef klemmifestingar eru notaðar þar sem fallhætta er skal nota hert samlímt öryggisgler. Í öðrum tilvikum nægir hert öryggisgler.</li> </ul>

## Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">10.5.3. gr. <i>Varnir vegna úrkomu.</i></p> <p>Til að tryggja vatnspéttleika ysta byrðis þakflatar á byggingu skal þak eða hluti þaks aldrei halla minna en 1:40 og skal velja þakefni og frágang með tilliti til þakhalla.</p> <p>Til að tryggja vatnspéttleika glerjaðra glugga í byggingu skulu þeir standast slagregnspróf samkvæmt 8.2.6. gr.</p>	<p style="text-align: center;">10.5.3. gr. <i>Varnir vegna úrkomu.</i></p> <p>Til að tryggja vatnspéttleika ysta byrðis þakflatar á byggingu skal velja þakefni og frágang með tilliti til þakhalla.</p> <p>Til að tryggja vatnspéttleika glerjaðra glugga í byggingu skulu þeir standast slagregnspróf samkvæmt 8.2.6. gr.</p>
<b>Gr. 10.5.3</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>10.5.3. gr. 1.mgr.</b> Orðin „þak eða hluti þaks aldrei halla minna en 1:40 og skal“ falla niður - <i>Til samræmis við 10.5.4. gr.</i></li> </ul>

Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum	Tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012
<p style="text-align: center;">11.1.2. gr. <i>Kröfur.</i></p> <p>...Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Þegar hljóðvist er bætt umfram lágmarkskröfur er æskilegt að kröfur staðalsins ÍST 45 til hljóðvistarflokks B eða eftir atvikum hljóðvistarflokks A séu uppfylltar. ...</p>	<p style="text-align: center;">11.1.2. gr. <i>Kröfur.</i></p> <p>...Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Þó er heimilt að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 721/2008 um hávaða varðandi viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum. Þegar hljóðvist er bætt umfram lágmarkskröfur er æskilegt að kröfur staðalsins ÍST 45 til hljóðvistarflokks B eða eftir atvikum hljóðvistarflokks A séu uppfylltar. ...</p>
<b>Gr. 11.1.2</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>3. mgr. 11.1.2. gr.</b> Leyft að fylgja ákvæðum reglugerðar um hávaða nr. 721/2008 varðandi viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum. – <i>Dregið úr kröfum.</i></li> </ul>